

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Rangárþingi eystra.

1. gr.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphörgunar- og sorphirðugjald) sbr. samþykkt nr. 137/2005.

2. gr.

Á íbúðarhús, sumarhús, öll fyrirtæki, lögaðila og aðra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar skv. 1. gr. skal sveitarstjórn skipa í flokka m.a. eftir áætluðu magni úrgangs.

Sorphirðugjald flokkanna er sem hér segir:

1. flokkur	Sorphreinsunargjald á íbúð/m.v. eina tunnu	kr.	14.500
2. flokkur	Sorpeyðingargjald, sumarhús	kr.	5.140
3. flokkur	Sorpeyðingargjald í dreifbýli þar sem ekki er pokahirða	kr.	7.250
4. flokkur	Fyrirtæki m.v. 1 tunnu (margfeldi í gámum)	kr.	14.500
	Tunnugjald pr. 1 stk.	kr.	370

3. gr.

Sorphirðugjald greiðist til sveitarstjórnar Rangárþings eystra og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem byggir á samþykkt um sorphirðu í Rangárþingi eystra, er samin og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra og samþykkt af heilbrigðisnefnd Suðurlands, er hér með staðfest í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt síðari breytingum.

5. gr.

Gjaldskrá þessi tekur þegar gildi. Gjöld uppfærast til samræmis við breytingu á vísitölu neysliverðs án húsnæðis miðað við 1. desember ár hvert.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra, 13. desember 2007,

Unnur Brá Konráðsdóttir sveitarstjóri.